

## Vegur í landi Hlaughtungu, Bláskógabyggð

### Ákvörðun um mats skyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 6. apríl 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Efri-Reykjum ehf um fyrirhugaða veglagningu í landi Hlaughtungu í Bláskógabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.09 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktarinnar, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Veglagning í landi Hlaughtungu. Tilkynning til Skipulagsstofnunar til mats skyldu, apríl 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð dags. 7. maí 2021
- Minjastofnun Íslands dags. 30. apríl 2021
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 6. maí 2021
- Skógræktinni dags. 11. maí 2021
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 28. apríl 2021
- Vegagerðinni dags. 18. maí 2021

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 10., 12., 16. og 19. maí 2021.


#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að leggja alls um 1,9 km langan, 6 m breiðan veg með útskotum um land Hlaughtungu og útbúa um 2000 m<sup>2</sup> bílastæði við enda hans í grennd við Brúarfoss í Brúará. Vegurinn verður uppbyggður malarvegur og verður hann lagður eftir landbúnaðarslóða í jaðri framræsts votlendis fyrstu 1,2 km en á 0,7 km kafla verður vegurinn lagður um þurrt, óraskað skóglendi að fyrrnefndu bílastæði. Ræsi verður sett undir veginn við Hagalæk þannig að lækurinn geti óhindrað runnið sína leið. Efni í veginn verður tekið úr opinni námu í landi Efri-Reykja sunnan þjóðveggar við Brúará og er efnismagn í veg og bílastæði áætlað um 6.500 m<sup>3</sup>.

Fram kemur að aðkoma að fyrirhuguðum vegi í landi Hlaughtungu verði um 1200 m langan og tvíbreiðan veg frá þjóðvegi um land Efstadals 1og 1b. Sá vegur hefur ekki verið lagður en er forsenda þess að unnt sé að uppfylla annað markmið framkvæmdanna sem er að bæta aðgengi almennings og ferðamanna að Brúará og Brúarfossi. Fyrir liggur að vegurinn verður lagður í túnjaðri og eftir slóða sem fyrir er. Annað markmið með framkvæmdinni er að auðvelda landeigenda Hlaughtungu nýtingu landsins til búsetu og fyrir liggur samkomulag við ábúendur í Efstadal 1 og 1b um aðkomu að Hlaughtungu um vegslóða gegnum bæjarhlað fyrrnefndra bæja þar til hinn nýi sameiginlegi vegur hefur verið lagður. Ljóst er að ekki er ætlunin að fara um bæjarhlað nágretta nema brýn nauðsyn



krefur og ekki stendur til að beina ferðamönnum sem komast vilja að Brúarfossi í landi Hlaughtungu í gegnum hlaðið í Efstadal.



Mynd 1. Yfirlitsmynd. (Úr greinargerð).

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og umsögnum umsagnaraðila.

### Meningarminjar

Fram kemur í greinargerð að Kóngsvegurinn þveri land Hlaughtungu og þveri gamla landbúnaðarslóðinn sem nýr vegur verði lagður eftir yfir kóngsveginn. Á þeim stað er



konungsvegurinn slitróttur og í raun varla sýnilegur á melnum sem hann liggur eftir. Að öðru leyti mun nýr vegur hvergi liggja innan 60 m verndarsvæðis hins forna Konungsvegar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands er ekki gerð athugasemd við að nýi vegurinn þveri Konungsveginn en fram kemur að leggja þarf áherslu á að fyrirhuguð framkvæmd hafi sem minnst áhrif á veginn. Að öðru leyti er ljóst að nýr vegur mun ekki hafa áhrif á fornleifar þar sem hann er lagður í eldri slóð og litlar líkur á að fornleifar leynist á þeim hluta leiðarinnar þar sem leggja á nýjan veg og gera bílastæði í skóglendi.

### **Náttúrufar**

Fram kemur að rudd verði leið gegnum skóglendi á austasta hluta leiðarinnar á um 700 m kafla ásamt svæði undir bílastæði. Þar sem land Hlaupungu er að mestu skógi vaxið þá telur það svæði ákaflega lítinn hluta heildar skógar á svæðinu. Heildar breidd raskaðs skóglendis verður 12 metrar eða sem nemur breidd vegarins auk þriggja metra hvoru megin þar sem gróður verður fjarlægður til að forðast snjósöfnun á veginum. Flatarmál raskaðs svæðis verður samtals um 1 ha, eða um 0,7% af skóglendi Hlaupungu.

Fram kemur að ekki liggi fyrir upplýsingar um fuglalíf á áhrifasvæði fyrirhugaðs vegar en ekki er vitað til þess að þar fyrirfinnist neinar sjaldgæfar tegundir. Vitað er að straumönd heldur til við Brúará en fyrirhugað vegstæði liggur þar hvergi nærri.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að á framkvæmdarsvæðinu vaxi birkiskógur sem njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd og sem forðast beri að raska nema að brýna nauðsyn beri til. Vistgerðir birkiskóga hafa hátt verndargildi en jafnframt er útbreiðsla þeirra á landsvísu takmörkuð. Á loftmyndum má greina að birkiskógurinn er sæmilega hár og þéttur og gera má því ráð fyrir gróskulegum botngróðri s.s. lyngi og blómjurtum. Náttúrufræðistofnun hefur ekki nægilegar upplýsingar um tegundasamsetningu gróðurs á þessu svæði og er full þörf á að gerð sé grein fyrir botngróðri birkiskógarins í landi Hlaupungu auk þess sem góður rökstuðningur þarf að liggja fyrir því að leyft sé að ryðja óraskaðan birkiskóg sem hefur hátt verndargildi og nýtur sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Í umsögn Skógræktarinnar kemur fram að skv. lögum um skóga og skógrækt sé skylt að ráðast í mótvægisáðgerðir vegna varanlegrar skógareyðingar innan tveggja ára eftir eyðingu og leita þarf áhlits Skógræktarinnar á útfærslu þeirra.

## **5 SKIPULAG OG LEYFI**

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Skv. lögum um skóga og skógrækt skal sveitarfélag leita áhlits Skógræktarinnar á framkvæmd sem felur í sér varanlega eyðingu skógar áður en ákvörðun er tekin um útgáfu framkvæmdaleyfis.

## **6 NIÐURSTAÐA**

Um er að ræða tæplega 2 km veglagningu í landi Hlaupungu í Bláskógabyggð og gerð bílastæðis í grennd við Brúarfoss. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.09 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### **Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, staðsetningu framkvæmdar. og hversu viðkvæm



Þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, hverfisverndarsvæða samkvæmt ákvæðum í skipulagsáætlunum og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til upprunalegs gróðurlendis, svo sem skóglendis, sbr. 1. tl. 2. viðauka og 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá þarf að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrirhuguð framkvæmd er ekki umfangsmikil en veglagning kemur til með að raska hluta af Konungsveginum, sem lagður var árið 1907 og nýtur hverfisverndar og er skilgreindur sem fornleifar skv. lögum um menningarminjar. Hins vegar liggur fyrir að sá hluti Konungsvegur sem nýr vegur kemur til með að raska er lítt sýnilegur á þessum kafla og Minjastofnun Íslands gerir í umsögn sinni ekki athugasemd við þverun hans. Mikilvægt er hins vegar að öllu raski verði haldið í lágmarki við þverunina. Fyrirhuguð veglagning mun raska um 1 ha af birkiskógi sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur bent á að njóti verndar skv. lögum um náttúruvernd og ber að að forðast að raska nema að brýna nauðsyn beri til og ennfremur liggur fyrir að vistgerðir birkiskóga hafa hátt verndargildi auk þess sem útbreiðsla þeirra á landsvísi er takmörkuð. Að mati Skipulagsstofnunar felast neikvæð áhrif framkvæmdarinnar fyrst og fremst í raski á birkiskógi en skv. framlögðum gögnum framkvæmdaraðila mun fyrrnefnt rask vera vel innan við 1% af skóglendi jarðarinnar Hlaupungu og því um hlutfallslega litla röskun að ræða. Áhrifin eru hins vegar ekki afturkræf en neikvæð áhrif eru bundin við afmarkað svæði. Skv. lögum um skógrækt skal framkvæmdaraðili ráðast í mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á umhverfið af eyðingu skógarins í samráði við Skógræktina. Skipulagsstofnun bendir á að með nýjum vegi mun aukast fjöldi ferðamanna sem leggja leið sína að Brúarfossi og nágrenni hans sem kann að auka álag á svæðið. Því er ástæða til að skoða hvort að ráðast þurfi í aðgerðir til að takmarka aðgang ferðamanna um viðkvæma náttúru svæðisins.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. júní 2021.

Reykjavík, 20. maí 2021

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson